

Arfleifðin afhjúpuð

Unlocking Hidden Heritage

Vinnusmiðja í Þýskalandi

Tveir þátttakendur fóru frá Íslandi í vinnusmiðju sem haldin var í Þýskalandi dagana 28. júní til 6. júlí 2008.

Þátttakendur voru Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur á Byggðasafni Árnesinga og annar verkefnisstjórnanna frá Íslandi og Guðmundur Birgir Smáráson verktaki.

Markmið vinnusmiðjunnar voru tvíþætt, annars vegar að gera við stóran ofn sem hlaðinn var úr múrsteinum og notaðir um margra alda skeið til þess að vinna tjöru úr við, samhliða því sem kol voru unnin. Hins vegar var ætlunin að leita að fornleifum neðanjarðar með jarðsjá innan varnarmúra sem reistir höfðu verið í borginni Elensburg. Íslensku þátttakendurnir komu inn í miðja vinnusmiðjuna og gátu því ekki starfað að uppbyggingu tjöruofnanna nema að litlu leyti en tóku virkan þátt í fornleifahluta vinnusmiðjunnar.

Vinnusmiðjan var haldin á stað sem áður tilheyrði Austur-Þýskalandi, um 160 km suður af Berlín og er innan Náttúrugarðsins Dübener Heide.



Margrét vinnur við endurbyggingu tjöruofns.

lokið af sjálfboðaliðum úr nágrenninu.

Uppbygging tjöruofnsins gekk vel og var byrjað á því að fjarlægja mikið af gróðri sem hafði sest utan á bygginguna og höfðu tré jafnvel vaxið á ofninum. Þegar því var lokið var hafist handa við að setja upp vinnupalla og mikið af múrsteinum fjarlægðir og endurhlaðnir. Jafnframt var gömul og morkin steypa hreinsuð burt og ný sett í staðinn. Mikið starf var unnið en því miður reyndist ekki möguleiki að ljúka verkinu, en því verður

Fornleifaskráning með fjarkönnunarbúnaði var gerð innan varnarmúra á kastala sem áður stóð fyrir ofan borgina Ellenburg en aðeins stendur eftir einn turn og múrarnir en talið er að á þessari hæð hafi verið kastalar um margra alda skeið. Á dögum kommúnismans var hins vegar hreinsað til innan varnarmúranna og íbúðarblokk ásamt íbúðarhúsum reist innan þeirra. Tilgangur fjarkönnunarinnar var að kanna hvort merki væri um eldri byggingar á þessari hæð og innan varnarmúra kastalans. Sett var út net sem mælingarmenn gengu eftir með fjarkönnunartækin. Fyrst var kannað autt

svæði í skóglendi þar sem matjurtargarðar höfðu staðið fyrir heimsstyrjöld og talið var líklegt að minjar myndu finnast. Þegar niðurstöður mælinga komu í ljós, sáust engin merki um minjar neðanjarðar en sterkar líkur eru á að búnaðurinn hafi fundið sprengju úr síðari heimsstyrjöld en borgin var lögð í rúst af bandamönnum á síðustu dögum heimsstyrjaldarinnar. Viðkomandi yfirvöldum var greint frá fundinum og verða það því líklega sprengjusérfræðingar en ekki fornleifafræðingar sem grafa á þessu svæði í nánustu framtíð.



Hópurinn sem vann við mælingar.

Því næst var kannað minna svæði nær þeim turni sem eftir stendur, í þeirri von að kjallari frá kastalanum leyndist neðanjarðar. Því miður fundust engin merki um fornleifar en lagnakerfi svæðisins var vel kortlagt.

Síðasta dag vinnusmiðjunnar var haldin hátíð við tjöruofnana þar sem þátttakendur vinnusmiðjunnar bjuggu til tjöru úr við í litlum krukum, með sömu aðferð og beitt var í ofnunum sem verið var að endurgera. Tjörugerðin heppnaðist mjög vel og fjölmargir gestir heimsóttu hátíðina en áætlað er að um 160 manns hafi komið í heimsókn til að taka þátt og fylgjast með. Ýmsar uppákomur voru á hátíðinni og meðal annars sýndi einn þátttakandi frá Slóvakíu þjóðdansa frá heimalandi sínu við góðar undirtektir viðstaddra.



Tjöruhátíðin- unnið að tjörugerð.

Peter Keiser, á heiður skilinn fyrir vel heppaða og vel skipulaga vinnusmiðju og voru þátttakendurnir frá Íslandi mjög ánægðir með dvöl sína í Þýskalandi.

Vinnusmiðjan heppnaðist ákaflega vel og var mjög vel skipulögð og nýttust dagar mjög vel til vinnu og náðist því að vinna mikið að þeim verkefnum sem fyrir þátttakendum lágu. Skoðunarferðir voru samt sem áður nokkrar og mjög athyglisverðar eins og heimsókn til Dresden, skoðunarferðir í neðanjarðarbyrgi og á söfn ásamt fleiru áhugaverðu. Stjórnandi vinnusmiðjunnar í Þýskalandi,